

Erindi til menningar- og safnanefndar

Til : Hulda Hauksdóttir
Frá : talstofa@simnet.is
Heiti : Erindi til menningar- og safnanefndar
Málsnúmer : 1508419
Málsaðili : Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla
Skráð dags : 26.08.2015 15:54:24
Höfundur : talstofa@simnet.is

Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla

Gunnar Valur Gíslason,
formaður menningar- og safnanefndar

Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla sendi erindi, dags. 21. október 2014, til bæjarráðs Garðabæjar og sótti um styrk að upphæð kr. 200.000.- til að standa straum af fræðsludagskrá helgaðri Jónasi Hallgrímssyni á árlegum fræðslufundi félagsins, sem haldinn verður í Bessastaðakirkju þann 3. október n.k. Bæjarráð samþykkti að veita félaginu styrk að upphæð kr. 150 þúsund.

Tvö erindi verða flutt af Páli Valssyni og Helgu Kress. Stjórn félagsins hefur einnig leitað til Karólínu Eiríksdóttur, tónskálds og bæjarlistamanns Garðabæjar, að semja lag við ljóð eftir Jónas Hallgrímsson, sem vonir standa til að flutt verði á fræðslufundinum. Til þess að það geti orðið, leitar stjórn félagsins viðbótarstyrks frá Garðabæ, að upphæð 220 þús. kr. til að standa straum af kostnaði greiðslu til tónskáldsins (70 þús.), kórstjóra (50 þús.), auglýsingastofu (50 þús.) og auglýsinga í 2 landsmálablöðum (alls 50 þús.).

Virðingarfyllt,

Ásdís Bragadóttir,
f.h. Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla